

Skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda af völdum aðkeyptrar raforku

Samantekt Leiðarvísis um bókun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda 2

Unnin af Aðalskrifstofu EKOorku, janúar 2015.

Þessa samantekt er að finna á nokkrum tungumálum: www.ekoenergy.org > ecolabel > other standards

Sjá nánari upplýsingar á: http://www.ghgprotocol.org/scope_2_guidance eða www.ekoenergy.org

Inngangur

Flest ef ekki öll fyrirtæki þurfa að kaupa raforku sem er framleidd af öðrum. Hvernig halda fyrirtæki bókhald um þá kolefnislosun¹ sem þessi framleiðsla veldur? Eða á ,kolefnissporamáli': Hvernig reikna fyrirtæki út útstreymislosun 2 (scope 2 emissions)?

Í janúar 2015 gaf Gróðurhúsalofttegunda-bókunin (GHL Bókunin - Greenhouse Gas Protocol - GHG Protocol) út leiðarvísi um efnið: Scope 2 Guidance (Útstreymi 2 Leiðarvísir). Útgáfan er afrakstur fjögurra ára umræðna og samráðs við almenning. Í þessari samantekt eru megin ráðleggingar Leiðarvísisins raktar (eigið úrval).

Almenn skilyrði tvöföld skýrslugjöf

Þess er krafist í leiðarvísinum að fyrirtæki sem starfa innan hins frjálsa markaðar geri grein fyrir tvennskonar tölum:

1) yirtæki þurfa að sýna **staðarbundnar tölur** (location-based number). Þessar tölur eru byggðar á losun gróðurhúsa lofttegunda af völdum raforkuframleiðslu á þeim svæðum sem neysla á sér stað. Einfaldast er að reikna út frá grundvelli lands. Til dæmis er hægt að reikna út staðarbundnar tölur með því að margfalda

a) raforkuneyslu fyrirtækis innan landamæra tiltekins lands (neysla í kWh) og

b) eðaltal GHL af hverju 1 kWh í tilteknu landi. Upplýsingar um meðaltal losun GHL vegna raforku á landsvísu er að finna hjá dreifikerfi eða í skýrslum Alþjóðaorkumálastofnunarinnar.

* Undirstrikuð orð eru útskýrð í orðalista sem finna má í lok textans.

2) Fyrirtæki sem starfrækt eru á frjálsum mörkuðum eins og Evrópusambandinu þurfa einnig að gefa skýrslu um **markaðsbundnar tölur** (market-based number). Til þess þarf viðkomandi fyrirtæki að reikna út kolefnislosun þeirrar orkuveitu sem útvegar rafmagnið. Uppruna raforkunnar þarf að votta með svokölluðum „samningsbundnum gerningum sem uppfylla lágmarks gæðaviðmið“. Eina leiðin til þess að votta uppruna raforku í Evrópu er með Upprunaábyrgð. Ef (evrópsk) fyrirtæki nota raforku sem er ekki viðurkennd með Upprunaábyrgð er nauðsynlegt að reikna út markaðsbundna losun með því að notast við CO₂ losanir sem innihalda úrgangsblöndur.

Fyrirtæki taka venjulega ekki einungis mið af útstreymislosun 2, heldur af heildarlosun' sinni. Þessi heildarlosun er samanlagt magn útstreymislosunar 1 og útstreymislosunar 2. Fyrirtæki geta annaðhvort gefið skýrslu um tvennskonar heildarlosun (eina byggða á tölum um staðarbundið útstreymi 2 og aðra sem byggir á tölum um markaðsbundið útstreymi), eða þau geta valið að gefa skýrslu um eina heild. Ef síðarnefnda dæmið er valið þarf að útskýra hvaða útstreymistölur eru notaðar. Í Leiðarvísinum er mælt með því að fyrirtæki noti sömu reikningsaðferð fyrir þessa heild og notuð er þegar reiknað er markmið fyrirtækja. Þetta þýðir að mælt er með því að fyrirtæki á frjálsum markaði noti markaðsbundnar tölur, eins og útskýrt er í kaflanum um setningu markmiða.

Losanir

Útstreymi 2 á við losanir sem verða við framleiðsla á orku. Útstreymislosun 2 nær hvorki til dreifikerfalosana né losana af völdum vistferla. Upprunaábyrgðin er beri gróðurhúsalofttegundalosanna í tilfelli markaðsbundinna númera. Ef fyrirtæki kaupir endurnýjanlega orku getur það gert tilkall til 0 losunar endurnýjanlegrar orku. Hægt er að bæta við losunum sem byggja á vistferlamati, og þá sem hluti af útreikningum útstreymis 3 en ekki útstreymis 2.

Athugasemd 1: Fyrir orku sem framleidd er úr lífmassa gilda sérstakar reglur: Allar CH₄ eða N₂O losanir frá lífmassa skal tilkynna í útstreymi 2 en CO₂ hluta lífmassans skal tilkynna sér, (þ.e. ekki með útstreyminu). Sjá Scope 2 Guidance, 6.12.

Athugasemd 2: Þótt ekki sé sérstaklega greint frá því í Leiðarvísinum, getur annarskonar endurnýjanleg orka einnig gefið frá sér gróðurhúsalofttegundir við raforkuframleiðslu. T.d. gefa flest jarðvarmaorkuver frá sér umtalsvert magn gróðurhúsalofttegunda og í sumum tilfellum getur metan lekið úr vatnsorkuveitum. Ef þesskonar leka verður vart skal taka hann fram í Útstreymislosun 2.

Hvaða neyslu þarf að telja með í bókhaldinu?

Útsreymi 2 nær til kaupa á raforku, hita og kælingu. Við skýrslugjöf fyrirtækis er hægt að velja hvort gefin séu upp kaup á annaðhvort eigin rekstri eða rekstri sem fyrirtæki stjórnar. Hægt er að skilgreina stjórnun á annaðhvort fjárhagslegum eða rekstrarlegum grundvelli. Fyrir nánari upplýsingar sjá bls. 17 í Corporate Standard (www.ghgprotocol.org>Corporate Standard).

Setning markmiða

Við setningu markmiða verða fyrirtæki að tilgreina þá aðferð sem notuð er við útreikning og ferlastýringu, að meðtaldri þeirri aðferð sem notuð er við útreikning viðmiðunarárs.

Í Leiðarvísinum er mælt með því að fyrirtæki sem virk eru á frjálsum markaði noti markaðsbundnar tölur.

Fyrirtæki eru hvött til þess að leggja meira af mörkum

Á sama tíma er mælt með því í GHJ Bókuninni að fyrirtæki stígi skrefinu lengra og „efli og auðveldi aðstöðu til framleiðslu á lág-kolefnis orku.“ Á blaðsíðu 88 í Leiðarvísinum er hægt að sjá nokkur dæmi um hvernig fara mætti að þessu. Meðal þeirra eru:

- ← Langtímasamningar um orkukaup eða annars konar samningar við birgja endurnýjanlegrar orku.
- ← Viðbótarskilyrði fyrir keypta raforku, svo sem skilyrði um aldur orkuvers eða skilyrði um framleiðslutegund. Fyrirtæki gæti notað EKOorku til þess að votta fyrir að keypt raforka uppfylli viðbótarskilyrðin.
- ← Ganga úr skugga um að hluti verðsins (grænt aukagjald) sé endurfjárfestur í nýrri framleiðslugetu. Hér er sérstaklega skírskotað til Loftlagssjóð EKOorku (bls. 92).

Aðrar ráðleggingar um skýrslugjöf

Aðrar ráðleggingar um innihald skýrslu eru (sjá bls. 61):

- ← Árleg raforkuneysla
- ← Tengdar CH₄ eða N₂O losanir
- ← „Einkenni vöru“ (aðaleinkenni vöru Upprunaábyrgðar, s.s tegund grænnar orku eða vistmerki)
- ← Að hvati sé fyrir nýjum verkefnum með innkaupum fyrirtækja. Í Leiðarvísinum fylgir nánari útskýring með tilliti til þess síðastnefnda: *Þar sem það er viðeigandi ættu fyrirtæki að birta upplýsingar um hvort einhver þeirra samningsbundnu gerninga sem krafist er í markaðsbundnu aðferðinni endurspeglar raunverulegt framlag fyrirtækisins til þess að hrinda nýjum lág-kolefnis verkefnum í framkvæmd.*

Hægt er að minnast á EKOorku undir „Einkenni vöru“. Ennfremur er hægt að koma framlögum til Lofslagssjóðs EKOorku (a. m. k. 10 evrusent á hvert MWh) fyrir undir upplýsingar um ný lág-kolefnisverkefni.

Hafið samband við Aðalskrifstofu EKOorku fyrir nánari upplýsingar, www.ekoenergy.org > about us > contact us

ORÐALISTI

-  **EKOorka / EKOenergy:** fyrsta og eina vistmerkið fyrir raforku í Evrópu. Sjá: www.ekoenergy.org.
-  **Gróðurhúsalofttegunda-bókunin (GHL Bókunin - Greenhouse Gas Protocol - GHG Protocol):** GHL Bókunin er útbreiddasta alþjóðlega kolefnisbókhaldið. Bókunin er afrakstur samvinnuRannsóknarstofnunnar auðlinda heimsins (WRI) og World Business Council for Sustainable Development.
-  **Kolefnisbókhald:** magnmælingar á losun gróðurhúsalofttegunda tiltekinnar einingar.
-  **Losun af völdum vistferla:** losanir sem „allur vistferill tiltekinnar vöru“ veldur. T.d. inniheldur vistferill vindorku bæði losanir sem hljóttast af framleiðslu vindhverfla, og fjarlægingu þeirra við lok endingartíma þeirra.
-  **Tvöföld skýrslugjöf:** sú skylda að gefa skýrslu um tvennskona kolefnisnúmer, eina sem byggir á losunum eininga í raforkuframleiðslu á svæðis- og landsvísu, og aðra sem byggir á raforkusamningi kaupanda.
-  **Upprunaábyrgð / Guarantee of Origin:** upprunaábyrgð er eins og „persónuskilríki“ raforku. Ekki er hægt að rekja slóð raforku til dreifikerfis. Það þýðir að neytendur hafa enga tryggingu fyrir því að orkan (rafeindirnar) sem fyrirtækið eða orkuverið útvegar sé sú sem þeir kjósa. Engu að síður er mögulegt að koma upp bókhaldskerfi til þess að skrá hve mikla orku hvert fyrirtæki hefur sett í dreifikerfi sitt, frá hvað birgjum sú orka kemur og fyrir hverja hún er. Í Evrópu er eftirfylgni raforku stýrt með vottorðum sem kallast „Upprunaábyrgðir“. Útgáfa þeirra er í höndum viðkomandi ríkis sem gefur út eina Upprunaábyrgð fyrir hvert framleitt MWh. Þegar neytandi hefur notað sérstaka tegund af raforku, skal samsvarandi Upprunaábyrgð afturkölluð.
-  **Úrgangsblanda:** raforka dreifikerfis sem er ekki ráðstöfuð ákveðnum lokaneytanda. Ef neytandi kaupir raforku sem ekki er vottuð með Upprunaábyrgð, fær þessi sami neytandi „úrgangsblanduna“. Úrgangsblandan er reiknuð út af sömu ríkisstofnunum og gefa Upprunaábyrgðina út.
-  **Útstreymislosun 1:** losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við athafnasvæði viðkomandi fyrirtækis eða af völdum farartækja fyrirtækis.
-  **Útstreymislosun 2:** losun gróðurhúsalofttegunda af völdum neyslu á raforku, hita eða kælingar sem er framleitt af öðrum og keypt af viðkomandi fyrirtæki.
-  **Útstreymislosun 3:** útstreymislosun 3 nær yfir allar óbeinar losanir af völdum athafna fyrirtækja (að undanskildum þeim sem nefndar eru í útstreymi 2). Þá eru meðtaldar „uppstreymis“ og „niðurstreymis“ losanir. Uppstreymislosunum veldur framleiðsla á vörum sem viðkomandi fyrirtæki þarfnast fyrir eigin framleiðslu. Niðurstreymislosunum valda vörur sem framleiddar eru hjá viðkomandi fyrirtæki. T.d., ef fyrirtæki framleiðir sjónvörp, munu þessi sjónvörp eyða orku þegar þau seljast. Og í lok endingartíma þeirra þarf að taka þau í sundur eða eyða þeim. Sjá www.ghgprotocol.org > Scope 3 Calculation Guidance.